



Leita að máli

Valmynd



1 2 3 4 5 6

Mál nr. 1133/2024

Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 - Keldur og nágrenni



OPÍÐ FYRIR ATHUGASEMDIR



19.09.2024 - 15.11.2024

TEGUND MÁLS

Breyting á aðalskipulagi



STAÐA MÁLS

Lýsing



STAÐSETNING

Reykjavíkurborg

TENGLIÐUR OG DAGS BIRT

Þuríður María Guðmundsdóttir, í umboði fyrir Reykjavíkurborg

19.09.2024

REYKJAVÍKURBORG



BREYTING Á AÐALSKIPULAGI



LANDBÚNAÐUR



ÓBYGGÐ SVÆÐI

Vakta mál



Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 - Keldur og nágrenni



Upplýsingar um málið

Fyrirhugaðar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er varða landnotkun og þróun byggðar í landi Keldna og nágrennis. Við mótun breytingartillagna fyrir Keldur og Keldnaholt verður einnig horft til þróunar byggðar á nærliggjandi svæðum og einkum þeim sem eru innan áhrifasvæðis Borgarlínu í austurhluta borgarinnar. Jafnliða því er lögð fram áætlun um hvernig standa skuli að umhverfismati breytinganna, sbr. lög nr. 111/2021.

Þann 17. september 2024 samþykkti borgastjórn Reykjavíkur verklýsingu vegna ofangreindra breytinga með vísan til 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og laga nr. 111/2021 um umhverfismat er verklýsingin, ásamt matslýsingu.

Óskað er eftir því að athugasemdum verði komið á framfæri á þessum vettvangi eigi síðar en 15. nóvember nk. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (skipulag@reykjavik.is).

Umhverfis- og skipulagssvið notar þær persónugreinanlegu upplýsingar sem settar eru fram vegna athugasemda við skipulag, s.s. kennitölu, nafn og netfang í þeim tilgangi að vinna úr athugasemdum og auðkenna borgarbúa. Að auglýsingarferli loknu eru gögn varðveitt í 30 ár og flytjast að þeim tíma liðnum til Þjóðskjalasafns Íslands skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Nánari upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga hjá Reykjavíkurborg má finna á eftirfarandi slóð: <https://reykjavik.is/personuvernd>.

Vakin er athygli á því að athugasemdir teljast til opinberra gagna í allri skipulagsmeðferð og birtast meðal annars nöfn borgarbúa í fundargerðum skipulags- og samgönguráðs á netinu.

Gögn

Hægt er að hlaða niður einstaka skrám eða hlaða niður öllum neðangreindum gögnum í samþjappaðri möppu. Athuga skal að neðangreind gögn varða einungis hlutaðeigandi fasa málsins.

Birt: 18.09.2024

PDF Keldur og nágrenni - Verklýsing.pdf



Sækja gögn



Umsagnir (12)

Bæta við umsögn

H Hrönn Hafliðadóttir

UMSÖGN BIRT 27.09.2024